

STJÓRNARFUNDUR BSÍ

FUNDARGERÐ

Fundarstjóri: AGN	Fundur nr. :	
Fundarritari: MI	Staður:	Síðumúli 37
Fundargestir: Anna Guðlaug Nielsen (AGN) Hrannar Erlingsson (HE) Guðný Guðjónsdóttir (GG) Matthías Imsland (MI) Gunnar Björn Helgason (GH)	Dagsetning:	13.5. 2026
	Frá kl.:	18:00
	Til kl.:	19:00
	Næsti stjórnarfundur:	Ákveðið síðar

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
1	<u>Fundargerð síðasta fundar</u> Var samþykkt rafrænt milli funda.
2	<u>Starfið framundan</u> Sumarbridge verður tvisvar í viku, á mánudögum klukkan 18.30 og á miðvikudögum klukkan 19.00. Dregið verður í Bikarkeppninni 1.júní. Stjórnarmenn taka að sér að ýta í spilara að skrá sveit.
3	<u>Reksturinn</u> Reksturinn gengur vel og er á áætlun. Það þarf þó nauðsynlega að fá fleiri samstarfsaðila til að tryggja traustari tekjugrunn. Það þarf þó að fara í miklar fjárfestingar vegna lyftu í sameign og eins hefur Reykjavík ákveðið að draga verulega úr samstarfi við Bridgesambandið. Mikið var rætt um kostnað vegna landsliða, en mót eins og Evrópukeppni kostar Bridgesambandið hátt í 6.milljónir. Komu fram sjónarmið í umræðu að spilarar sjálfir þurfi að koma meira að því að greiða kostnað. Rætt um að hafa málþing um landsliðsmál í haust.
4	<u>Samskipti við Reykjavíkurborg</u> Því miður hefur ekki gengið að endurnýja samning við Reykjavíkurborg um Reykjavík Bridgefestival. Eins ákvað Reykjavíkurborg að lækka stuðning vegna fasteignagjalda sem leiðir til þess að Bridgesambandið þarf að borga tæplega 2.milljónir í fasteignagjöld sem hefur ekki verið síðustu áratugi.
5	<u>Lyftumál</u> Lyftan er óvirk sem stendur. Nauðsynlegt er að kaupa nýja lyftu og er það sameign sumra sem þarf að kaupa lyftuna. Kostnaður Bridgesambandsins er væntanlega milli 6-7.milljónir vegna þessa. Ekki er útlit fyrir að framkvæmdaaðili komist í að skipta út lyftunni fyrr en í haust. En staðan er virkilega slæm þar semsumir eldri borgarar eiga erfitt með að ganga upp stigann og aðgengi fyrir fatlaða er verulega slæmt eins og mál standa.

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
6	<u>Landsliðsmál</u> Rætt um erindi sem koma vegna framkvæmdar á vali á landsliði.
7	<u>Önnur mál</u> Ákveðið að skipa nefndir á næsta fundi. Umræða var um mótaskrá. Umræða var um framkvæmd kjördæmamóts sem heppnaðist mjög vel og eiga heimamenn heiður skilinn fyrir frábært mót.